

Húnafjörður (Vatnafjörður)

Á SLÓÐ VATNSDÆLA SÖGU

Á slóð Vatnsdæla sögu er sögukort fyrir Vatnsdal og Þing í Austur-Húnavatnssýslu. Svæðið er sögvið Vatnsdæla sögu og þar er að finna fjölda minja- og sögustaða frá þeim tíma er sagan gerist. Á kortinu eru helstu atburðir sögunnar dregnir fram með teikningum auk þess sem lengri texta um þá má lesa á bakhlíð kortins.

Vatnsdæla saga er ein af fjölmörgum listendingsögum sem voru ritaðar á Íslandi á miðöldum og er hún talin saminn um árið 1270. Jafnvel gæti sagan verið skrifuð í Þingeyraklaustri sem var stofnað 1133. Vatnsdæla saga er ættarsaga hinna fornu Holverja í Vatnsdal og nær yfir nokkra mannsaldra, frá því fyrir árið 900 og fram á 11. öld. Þar segir frá Ingimundi gamla er var landnámsmaður dalsins, afkomendum hans og því ættarveldi sem þar réð um aldir. Saga lýsir vel fyrstu búsæti á Íslandi og víðum landnámsmanna sem gerðust höfðingar, hver yfir sínu svæði landsins. Sagt er frá fjölmörgum atburðum er einkennast af átökum og valdabaráttu. Við sögu kemur fjöldi manns, bæði Vatnsdælingar sem og aðrir sem leið áttu um dalinn.


Kortíð er leiðarvísir fyrir sögu-áhugafólki og ferðamenn sem vilja kynna sér þetta áhugaverða svæði. Búið er að setja upp sögukilti við marga minjastaði og gera þá aðgengi-lega með stíkun gönguleiða.

Náttúran á svæðinu er einstök og fjölbreytt og víða eru áhugaverðir áningarstaðir til að njóta. Vatnsdælahólar eru einkenni svæðisins, sagðir vera óteljandi þar sem þeir standa við mynni dalsins.

Heimskón í Þingeyrakirkju er ómissandi hluti af ferðalagi um svæðið. Kirkjan er steinhlöðin eftir miðja 19. öld og varðveitt marga merka kirkjurgripa.

Það verður enginn fyrir vonbrigðum sem leggur leið sína um hinn rómaða Vatnsdal.

Verið velkomin á slóð Vatnsdæla sögu.



Stigandahróf
Ingimundur fékk skipið Stiganda að gjöf frá Haraldri konungi og reisti yfir það nausti Stigandahróf.

Húnavatnsping
Þorsteinn gekk undir jarðarmen til að bæta fyrir höggið sem Jökull veitti Bergi.

Stóra-Gilja / Gullsteinn
Fridrekur biskup og Þorvaldur Koðránsson víðförli frá Stóra-Gilja boðuðu fyrstir kristna trú á Íslandi.

Skúastaðir
Á Skúastaðum lamið Jökull Berg rakka frá Borg með höltum Ættartanga.

Borg
Jökull og Þorsteinn reistu niðstóng gegn Borgarmönnum neðan við Borg.

Þórdísarholt
Á leiðinni í Vatnsdal varð Vigdís kona Ingimundar léttari og Ól Þórdísi sem er fyrsti innféddi Húnvetningunnar.

Faxabrandsstaðir
Brandur á Faxabrandstöðum tjaldaði sleða og beitti Freyfaxa fyrir er Þorsteinn og Jökull fóru til hölmstefunnar á Borg.

Sleggjastaðir
Þorólfur sleggja var óspektarmaður og hafði með sér 20 stóra svarta og tryllta ketti.

Kornsá
Þórdís Ingimundardóttir og Hallormur bjuggu að Kornsá, þeirra sonur var Þorgrímur er síðar varð Kornságoði.

Nautabú
Þórir hafursbjó Ingimundarson bjó að Nautabú og hlaut goðorð eftir fótur sinn.

Ljótunnarkinn
Pau mæðgin Hrolleifur og Ljót bjuggu í Ljótunnarkinn og deildu við Ingimundarsyni og féllit Hrolleifur Ingimund gamla.

Haukagil
Berserker í báðir hétu Haukur voru lamdir til bana á Haukagili.

Grimstungusel
Ingólfr Þorsteinsson réð niðurlögum útleigumanna er rændu á Haukagili.

Jökulsstaðir
Jökull Ingimundarson bjó á Jökulsstöðum. Hann hlaut sverðið Ættartanga við arskipti eftir fótur sinn.

Frímundarargil
Jökull sótti að Þorólfi heljarskinn í virkið er hann hafði reist við Frímundarargil.

Grátsmýri
Þorólfur heljarskinn grét er Jökull náði honum við Grátsmýri.

Útgáfudagur: © Landsmín Ingimundar gamla
Myndskreytingar: © Ingólfr Örn Björgvinsson
Kortagerð: Bryndís Zoega / Ingólfr Örn Björgvinsson
© Landmínningar Íslands leyfi n. 109080003

HERITAGE MAPS
Project

Stigustaði Vatnsdæla	Sýning	Vegur, bundið slitlag
Gönguleið	Áhugaverur staður	Vegur, malarborinn
Bær	Upplýsingaskilti	Vegarskið
Eyðihýli og sed	Frólystar formínjar	Skurður
Kirkja	Gisting	Á, lækur
Veidihús	Hestaleiga	Mæli hæð í metrum
Rétt		Rektað land